



Tónleikar Ýdölum

Í tilefni af 60 ára afmæli mínu ætla ég að flytja eigin lög með aðstoð karlakórsins Hreims, kirkjukórs Grenjaðarstaðar og fleiri tónlistarsnillinga og ættingja að Ýdölum á afmælisdaginn 29.nóvember kl.20:30.

Gjafir þarf enginn að burðast með en þeir sem vilja styrkja mig í tónlistarbrólti mínu geta sett aur í bauk á staðnum.

Kaffi og bakkelsi er í boði konu minnar. Einnig verður barinn opinn og þar geta menn verslað vilji þeir eitthvað sterkara.

Allir eru hjartanlega velkomnir – aðgangur er að sjálfsögðu ókeypis.

Hlakka til að sjá sem flesta.

Úlfar Vilhjálmsson, Laxárvirkjun.



Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum* og því rennur skilafrestur auglýsinga út á

Þriðjudögum kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsíðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



BÆNDAGLEÐI - SÖNGUR-DANS OG GAMAN!

Bændur, sveitafólk allt og þeirra aðdáendur!

Nú komum við í Ljósveitningabúð á laugardagskvöld og skemmtum okkur.

Léttar veitingar frá Norðlenska og MS, hanteraðar af snilld kvenfélags Ljósveitninga.

Þegar halla fer að kvöldi kunna að rúlla baukar í boði Jötunn véla.

Veislustjórn í höndum Tolla í Seli

Að dagskrá lokinni verður slegið upp í dansleik þar sem hljómsveitin Nefndin leikur fyrir dansi

Aðgangseyrir
sanngjarn

BSSÞ



Brot af því sem verður
í boði.

Söngur og þjóðlegheit

Verðlaunaafhending
– Þingeyski bóndinn

Sveitasvar
- Beinskeyttar spurningar úr héraði

Vörumóttaka Goðafossmarkaðar ehf

Verður á Fosshóli miðvikudaginn 27. nóvember
kl. 15:00– 19:00.

G.V: Nefndin



Tíðahvörf og hormónameðferð

Dr Alexander Kr Smáráson kvensjúkdómalæknir
flytur fyrirlestur
í matsal Stórutjarnaskóla
miðvikudagskvöldið 27. nóvember nk. kl 20:00.

Farið verður yfir einkenni tíðahvarfa og hvaða möguleikar eru
á meðferð hjá þeim konum sem verða fyrir verulegri
lífsgæðaskerðingu vegna þessara einkenna

Allar konur hjartanlega velkomnar

*Kvenfélagið Hildur, Kvenfélag Fnjóskdæla og
Kvenfélag Ljósvefninga*

DALAKOFINN

Föstudaginn 22. nóvember verður Dalakofinn lokaður frá
kl. 19:00 vegna einkasamkvæmis.

Laugardaginn 23. nóvember verður næsta Dalasvar og hefst
kl. 21.00 Spurningaleikur þar sem 2-4 eru saman í liði.

Boltinn í beinni:

Laugardagur 23. nóv Everton – Liverpool	kl. 12:45
laugardagur 23. nóv Arsenal - Southampton	kl. 15:00
Laugardagur 23. nóv West Ham - Chelsea	kl. 17:30
Sunnudagur 24. nóv Man. City – Tottenham	kl. 13.45
Sunnudagur 24. nóv Cardiff – Man. Utd.	Kl. 16.00

Hlökkum til að sjá þig!
Útibú ehf./Dalakofinn Laugum
s. 464-3344 dalakofinn.is

Átt þú ekki erindi við Vaxtarsamning Norðausturlands?

Ertu með hugmynd að verkefni sem efir atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæðinu?

Næsti umsóknarfrestur til VAXNA er föstudaginn 6. desember nk.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni www.atthing.is og starfsmenn
atvinnuþróunarfélagsins veita upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna

Kynntu þér málið og hafðu samband!

Ari Páll, Jóna og Reinhard

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415

Hjálparveitar skáta Aðaldal

boðar hér með aðalfund sinn.

Verður hann haldin þriðjudaginn 26 nóvember klukkan 20:30 í

húsnæði sveitarinnar að lögugerði 1 Aðaldal

Venjuleg aðalfundar störf.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Árshátíð Haftralækjarskóla 2013

verður haldin að Ýdölum
föstudaginn 22. nóvember og hefst kl. 20:30.

Sýndur verður fjölskyldusöngleikurinn
Benedikt búálfur eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson.
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson samdi lögin við verkið.

Að skemmtiatriðum loknum verður kaffisala og
hlutaveltatil fjáröflunar fyrir ferðasjóð nemenda.
Hljómsveitin SOS leikur fyrir dansi til kl. 00:30.
Miðaverð: kr. 1.500 fyrir fullorðna og kr. 500 fyrir börn á
grunnskólaaldri sem búa utan skólasvæðis Þingeyjarskóla.

Athugið! Ekki er hægt að greiða með korti.

Allir hjartanlega velkomnir!
Nemendur og starfsfólk Haftralækjarskóla.



46.tbl.
21. nóvember
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



jóla BINGÓ.

Nemendur í 8. og 9. bekk halda
Bingó í Stórutjarnaskóla
sunnudaginn 24. nóvember
kl. 13:30.

Margir flottir vinningar. Jólatri úr Vaglaskógi, kjöt frá Norðlenska og
Kjarnafæði, aðrir sem stykja þau með bingóvinningum eru: Surtla,
Stóruvellir ehf, Goðafoss ehf, Samgönguminjasafnið, Dalakofinn,
Snyrtipinninn, Reykhúsið Skútustöðum, Kaffi Borgir, Blómabrekkan
Húsavík, Glergallerý Sigrúnar, Keilan, Axelsbakari, MS, Pósthúsið
Húsavík, Norðanfiskur, Ekran, Bautinn, Body Shop, Friðrika
Sigurgeirsdóttir og Sigríður Baldursdóttir og veiðirétthafar í Ljósavatni.

Margir aðrir vinningar í boði.
Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Bingóspjaldið kostar 600kr.
Kaffi, djús og smákökur frítt í hléi.